Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Afsalsbréf o.fl. v. laxveiðiréttindi í Elliðaám.
# 1837-1853

Aðfnr. 1352, örk 7

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Skönnun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Stephan Gunlögsen

**Hans Konúnglegu Hátignar til Danmerkur &. Sýslumadur í Kjósar- og Héradsdómari í Gullbríngu Sýslu,** samt Auctionshaldari samastadar, **Kunngjörir:** ad árid 1837 9da October var Auctions-réttur settur ad Reykjavík med útnefndum vottum, hvar þá var samqvæmt Stiptamtsins leyfisbréfi, hvørted er dagsett þann 27de Sept: p. A., uppbodin til hærstbjódanda Kóngsjørdin Artún í Mosfellssveit undir þessum auglýstum skilmálum:

1.

Uppbodid skédur í Ríkisbánkapeníngum reidú Silfurs, og Jørdin samt innistædu Kúgildin seljast án nokkurs álags eda uppbótar frá seljanda eda Landsdrottni og ad øllu leiti í því ástandi sem þau fyrirfyndust.

2.

Innistædu Kúgildin seljast adskilin frá jørdunni.

3.

Ekkért innistædu Kúgildi má héreptir vera á jørdunni, ekki heldur má mannslán, hvørki í peníngum né heldur in natura krefjast af leigulidum.

4.

Af uppbodssummunni borgist strax ⅓ partur, en løgleg vedsetníngarskrá útgéfist fyrir enum ⅔ pørtum, hvaraf árlega 4 pCto rentur gjaldist til Jardabókar-Kassans uns allri skuldinni væri lokid, en bregdist sú árlega borgun á rentunum, þá á slíkt ad orsaka ad allur høfudstóllinn ásamt øllum áføllnum rentum og kostnadi hljóti ad fullu og øllu ad borgast í einu á þeim þar á eptir næstkomandi gjalddaga, sem er sérhvørs árs 11ta Júnii termín.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5.

Allann af uppbodinu løglega leidandi kostnad gjaldi kaupandi til Auctionshaldarans samqvæmt þaryfir sømdum reikningi.

6.

Þad er ad øllu leiti komid undir Hans Konúnglegu Hátignar allrahæsta og allra nádugasta vilja hvørt þad hæsta Auctions bod verdur samþykkt, ef Amtid ad sínu leiti áliti þad nógu hátt til þess, ad tilhlýdilegt vyrdtist ad skýra Kóngdóminum frá sliku bodi, en á medan á sliku stadi, sé hæstbjódandi skyldugur til ad standa vid Auctions = bod.

7.

Abúandinn á Jørdunni má gánga ad því hæsta bodi, ef hann óskar þess, ádurenn Auctions = hamarinn fellur, og tilsleigid verdur þeim, er hæst baud.

8.

Kaupandi haldi kaupi sínu til laga og gjaldi allann kostnad af þinglýsingunni.

Þarnæst var uppbodin:

a. Konúngs Jørdin Artún í Mosfellssveit ——
og eptir bod og yfirbod vard, Mr. Jón Bjarnason samastadar, sem han hefir yfirlátid syni sínum Sveini — hæstbjódandi ad þeirri sømu fyrir þá peninga upphæd, 200 rbd reidu Silfurs skrifa tvö hundrud Rikisbankadalir reidu Silfurs

b. 3 innistædu Kúgildi tédrar Jardar, og vard sá sami Mr. Jón Bjarnason, hvør han einnig hefir yfirlátid syni sínum Sveini hæstbjódandi þarad, fyrir 10 rbd r. S. skrifa tíu Rikisbankadalir reidu Silfurs. sem samkvæmt her vidteingdu skjali frá Mr. Jóni Bjarnasyni afsalast Mr. Sveini Jónssyni.

Tilslagid skédi samqvæmt Auctions skilmálunum.

Og med því Hans Konúnglega Hátign hefir med allrahæstum úrskurdi frá 21te Martii þessa árs —— samþykkt þvílík bod, og kaupandi einnig fullnægt Uppbods = skilmálunum, þá afsala eg hérmed samqvæmt Stiptamts skipun frá 26te Maii þ. A. og tilskipun af 19da Dec. 1693 §. 17. téda Jørdu Artún —— og 3 Kúgildi frá Hans Konúnglegu Hátign í full=

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég undirskrifadur Jón Bjarnason giöri hérmed vitanlegt: ad ég yfirlét syni mínum Sveini ad gánga í mitt hæsta bod á Jördunni Artúni, 10 ad dýrleika med þremur kúgildum, liggandi í Mosfellssveit, sem vard ad opinberri Auctión í Reykjavík þann 9da October 1837 med kúgildunum 210 – Skrifa tvö hundrud og tíu Ríkisbánkadali redu silfurs, á móti því ad sonur minn Sveinn borgi kaupsummuna fyrir Jördina og allann Auctions kostnadinn og Afsalsbréfid

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

samt öllum þann kostnad sem
þetta jardarkaup med sér færir
hvörju helst nafni sem heita kann
og lögbragur er, hvar á móti Sonur
minn engvur aftra ádur nefndrar
Jardar Kirkjuhluta og Réttinda-
=hluta hvörju nafni sem heita
sem sínu rétta Eindæmi
hédan í frá, án kröfu og nokk-
=urt tilkall þar til giöri, og
nú nefndum Syni mínum
Sveini af Cancellie forvalt-
=aranum í Kjósar- og Gull-
=bringu Sýslu afsalast
Jördin Ártún med
sama Rétti og mér
hefdi hún verid afhent.
og er minn vilji ad þetta
mitt afsalsbréf nedtrengist
þad af herra Sýslumanninum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gunlögum útgjörtna Skjöd. — 18

Til Stadfestu er mitt undir skrifad nafn og hjásett Signet

Reykjavík þann 6ta Novbr: 1838

J. Bjarnesen
med Hönd m. þenna

Sem Vottar:

[illegible] G. Thordarsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

komnustu eignar umráð velnefnds Mons^r Sveins Jóns sonar — ásamt øllum Jarðarinnar herlegheitum og réttugheitum til lands og vatns til ytstu ummerkja, að hún sé kaupandans fullkomnasta eign og óðal héðanífrá, og hvørja hann hagniti sér uppá sérhvørn þann løglegann hátt sem hann best veit, vill eða getur.

Kjósar- og Gullbringu-Sýslu Skrifstofu þann 8 Novembr 1838

Þetta afsalsbréf staðfestist enn fremur með minni egin handar undirskrift og embættis innsigli.

Gebyhr 1 Rbdlr ~~Rbsk. S. M.~~
er einn Ríkisbánkadalur
~~Ríkisbánkaskildingar~~ í Silfur Mynt.
Borgað. St. G.

St. Gunnlögsen

Afsalsbréf
fyrir Jørðunni Artúni í Mosfellssveit 10 hundruð að dýrleika
ásamt 3 Kúgildum.

Lesið við Manntalsþing á Lágafelli 2 Júní 1840, og innfært í Kjósar og Gullbringu sýslu Pantebók p. 137 sub No 134

vitnar Jonassen

Gebyhr.
Thinglestur 48
Protocoll 24
½% afgift 1 —

tilsamans einn Ríkisdalur
Siötyu og tveir skild. 1 ₰

Borgað Jonassen

ad No 6 litt. b

Fremlagt for Retten i Reykiavik, den 13 Aug 1849.

Thorstensen
const.

Lit. 1

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur